

Hvernig kenni ég **TEXTATEGUNDIR?**

Fimm meginreglur sem gott er að horfa til við kennslu textategunda

1. Skapið kennslumhverfi sem er áhugavert og hvetjandi:

- Verið vakandi fyrir áhugaverðum textum og kynnið fyrir nemendum ykkar.
- Tengið viðfangsefni daglegs lífs og atburða í samfélaginu við kennsluna.
- Tryggið að nemendur fái lestur/hlustun/áhorf á skrif sín.

2. Tryggið nemendum aðgengi að öllum tegundum texta og tryggið þeim reynslu við skrif allra textategunda:

- Hafið bekkjarbókasafn með bæði skáldsögum og fræðibókum af ýmsum toga.
- Safnið sýnishornum af fjölbreyttum sannfæringartextum og kynnið nemendum.
- Tryggið að viðfangsefni ritunar í kennslu ykkar innihaldi allar tegundir texta.
- Tryggið að viðfangsefni ritunar í heimavinnu innihaldi allar tegundir texta.

3. Kennið uppbyggingu og einkenni textategundarinnar.

- Hvað einkennir tegundina?
- Er ákveðin uppbygging á þessari textategund?
- Hvers konar orðaforði er mest notaður?
- Hvar birtist textategundin í daglegu lífi?

Hafið amboð með þessum upplýsingum sýnileg í skólafunni!

4. Tengið lestur og ritun textategunda saman!

- Kennsla í uppbyggingu og einkennum textategunda hjálpar til við lesskilning.
- Tengið kennsluáðferðir í ritun (sjá *Ferlisritun* á *Læsisvefnum*) við textategundir.

5. Tryggið leiðsögn og endurgjöf! (Sjá *Stigskiptur stuðningur* á *Læsisvefnum*.)